



Stjórnarráð Íslands
Félags- og vinnu-
markaðsráðuneytið

frn@frn.is
545 8100

Síðumúla 24,
108 Reykjavík

stjornarradid.is

Til sveitarfélaga með NPA samninga

Reykjavík, 31. maí 2023
Tilv.: FRN23040009/06.25.05

Efni: Endurnýjun umsókna vegna NPA samninga á árinu 2023.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið óskar hér með eftir umsóknum frá sveitarfélögum um endurnýjun á 25% framlagi ríkisins í heildarsamninga NPA vegna ársins 2023. Umsóknarfrestur vegna endurnýjunar samninga er 10. september næstkomandi. Umsókn og fylgigögnum skal skila með tölvupósti til frn@frn.is.

Fylgigögn með umsókn skulu vera:

- Endurnýjað samkomulag um vinnustundir vegna ársins 2023.
- Útfylltur viðauki við samkomulag um vinnustundir vegna ársins 2023.
- Staðfest mat umsýsluaðila á vinnuaðstæðum og hvenær það var síðast framkvæmt.
- Endurnýjaður einstaklingssamningur vegna ársins 2023.
- Gildandi umsýslusamningur.
- Yfirlit yfir gilda samninga 2023. Fylla skal út meðfylgjandi Excel skjal þar sem fram eiga að koma upplýsingar um hvern samning. Ef samningar taka breytingum, t.d. hvað varðar taxta eða fjölda klukkustunda skal skipta þeim í fleiri línur þar sem hver breyting er skráð eftir tímabilum.

Óskað er eftir frumgögnum þar sem persónugreinanlegar upplýsingar um notendur hafa verið fjarlægðar.

Áréttað er að ekki verður tekið við umsóknum eftir 10. september og ekki verður tekið á móti umsóknum nema öll tilskilin gögn fylgi umsókn.

Athugið að þessi tímafrestur varðar umsóknir um framlag í NPA samninga sem voru í gildi á árinu 2022 eða samþykktir hafa verið fyrr á yfirstandandi ári.

Hvað varðar umsóknir um nýja samninga hefur verið fallið frá fyrri fresti og er því enn hægt að sækja um framlag til nýrra samninga um NPA. Ef frekari upplýsinga er óskað má hafa samband við undirritaða í tölvupósti: anna.georgsdottir@frn.is.

Fyrir hönd félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins

Anna Klara Georgsdóttir